

## 1. Daglegt leikskólastarf

Í öllum þeim sjö þáttum sem spurt er um í þessum lið er Arnarsmári yfir landsmeðaltali og óþarfi að gera áætlun til úrbóta.

## 2. Námsumhverfi

Í þremur af fjórum þáttum eru foreldrar í Arnarsmára ánægðir með námsumhverfið einhverjir telji aðstöðu ekki nógu góða.

Í lið 2.4. kemur í ljós að foreldrar telja okkur ekki standa nógu vel að þátttöku án aðgreiningar og þarf að skoða vel hvernig bregðast má við því.

## 3. Samskipti við foreldra

Í öllum sex liðum sem tilheyra þessum þætti hefur ánægja foreldra dalað frá fyrri könnunum, þó að í 3 af 6 liðum sé Arnarsmári yfir landsmeðaltali.

Auðvitað dettur manni helst í hug að kenna Covid-19 um, en það ætti þá líka aða koma fram hjá öllum öðrum skólum.

Liður 3.4 er svolítið áhugaverður, þar er talað um hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu. Mat foreldra er á þá leið að þarna höfum við dalað um heil 26,5% frá fyrri könnun en samt erum við í þessum sama lið 4,3% yfir landsmeðaltali.

Að sjálfsögðu hefur ekki verið hvatt til þátttöku í starfinu sl. ár á dögum Covid.

Liður 3.5 um tímasetningu viðburða kemur ekki vel út, ekki skrítið þar sem ekki hefur verið um neina viðburði að ræða.

Liður 3.6 fjallar um heimasíðuna og erum við því sammála að þar má gera betur og er vinna við það þegar hafin.

## 4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Þessi þáttur er í þremur liðum og hefur Arnarsmári dalað í þeim öllum frá fyrri könnun þó að leikskólabyrjun sé eini liðurinn sem er undir landsmeðaltali.

Í ljósi aðstæðna á síðasta ári var tekin ákvörðun um að hafa aðlögun nýrra barna úti og er skiljanlegt að foreldrar tali um að þeir hafi ekki kynnst og tekið þátt í starfi skólans.

## 5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Fjöldi barna sem njóta sérkennslu er breytilegur ár frá ári og sést það í þessum kafla.

## 6. Opin svör

### 6.1. Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann.

37 svöruðu þessari spurningu og eftirfarandi atriði voru oftast nefnd:

- Gott starfsfólk og fjölbreytt starf
- Holt fæði
- Leikskólalóðin
- Metnaðarfullt og gott starf
- Barninu líður mjög vel
- Vettvangsferðirnar
- Vikupóstarnir

### 6.2. Lýstu því hvað þér þykir að betur megi fara í leikskólanum

Af þeim 29 sem svöruðu þessari spurningu og voru 6 sem sögðu að það væri ekkert sem betur mætti fara.

Daglegt upplýsingaflæði og samskipti var langoftast nefnt en jafnframt kenndu flestir af þeim Covid-19 um það.

### 6.3. Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

25 svöruðu þessari spurningu

Þrír nefndu að upplýsingaflæðið mætti vera meira og erfitt að fá ekki að taka meiri þátt og fylgjast með starfinu, vegna Covid-19.

Allflestir héldu áfram að lýsa ánægju sinni með skólann, gott starf og flott starfsfólk.

### 6.4. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi það hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum barnsins í tengslum við mat? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

4 svöruðu þessari spurningu og voru allir mjög ánægðir

### 6.5. Ef þú hugsar um námsumhverfið í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

14 svöruðu þessari spurningu.

Útisvæðið var fólki ofarlega í huga og var oft nefnt sem eitthvað sérstaklega gott.

Upplýsingaflæði um það sem börnin eru að gera inni í skólanum þar sem aðkoma foreldra er engin sl. ár var oftast nefnt sem betur má fara.

### 6.6. Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

29 svöruðu þessari spurningu.

Hér eru eins og komið hefur fram hér að framan, allflestir mjög ánægðir með allt en nokkrir nefna enn og aftur að upplýsingaflæði á dögum Covid-19 mætti vera meira.

6.7. Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

9 svöruðu þessari spurningu.

Ánægja með aðlögun og upphaf leikskóladvalar svöruðu allir en flestir tóku fram að Covid- 19 hafi samt hamlað þar að mörgu leyti en sýndu því skilning í ljósi aðstæðna.

6.8. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjupjálfun) sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

Þessari spurningu svaraði eitt foreldri og sagði að allt væri mjög gott.

6.9. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérkennslu eða sérstaka stuðning sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

Tveir svöruðu þessari spurningu og voru ánægðir en annar sagði samt að það mætti bæta samskipti til að stilla saman heimili og skóla.

## 7. Aukakönnun

Hér var spurt um ánægju foreldra með viðbrögð skólans við Covid og fram kemur að foreldrar í Arnarsmára virðast sáttir.